

Reykjavík, 23. janúar 2012

Til eigenda hlutdeildarskírteina Markaðsbréfa Landsbankans langra

Efni: Breytt fjárfestingarstefna og nýtt nafn

Stjórn Landsvaka hf. samþykkti þann 12. janúar nýjar reglur Markaðsbréfa (áður Markaðsbréfa Landsbankans langra). Ný fjárfestingarstefna, ásamt nýju nafni, mun taka gildi þann 14. febrúar nk. Þar sem aukin áhersla er á eignir aðrar en ríkisskuldabréf. Helsta breytingin felst í auknum fjárfestingum í skuldabréfum sveitarfélaga og auknum heimildum hvað varðar innlán.

Reglur sjóðsins hafa verið uppfærðar m.t.t. ýmissa breytinga á lögum um starfsemi verðbréfasjóða sbr. lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði sem gengu í gildi þann 1. nóvember sl.

Meðallíftími eða með öðrum orðum vaxtaáhætta sjóðsins var áður takmörkuð við 7 til 10 ár. Meðallíftími er ekki takmarkaður í nýjum reglum.

Í nýjum reglum sjóðsins er tilgreindur eftirfarandi beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar sjóðsins sem ekki er innifalinn í umsýsluþóknun. Um er að ræða kostnað vegna kauphallar, fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, lögfræðikostnaðar og kostnaðar við prentun útboðslýsinga og ársreikninga.

Fjárfestingarstefna fyrir breytingar:

Tegund verðbréfa og sjóða	Lágmark	Hámark
Skuldabréf, víxlar og aðrar kröfur með ríkisábyrgð	60%	100%
Skuldabréf, víxlar fjármála- og lánastofnana	0%	40%
Skuldabréf traustra fyrirtækja	0%	20%
Skuldabréf, víxlar og aðrar kröfur með ábyrgð sveitarfélaga	0%	20%
Innlán	0%	20%
Afleiður vegna stöðutöku	0%	10%

Fjárfestingarstefna eftir breytingar:

Tegund verðbréfa og sjóða	Lágmark	Hámark
Skuldabréf, peningamarkaðsgerningar og aðrar kröfur með ábyrgð íslenska ríkisins	20%	80%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar með ábyrgð íslenskra sveitarfélaga	20%	60%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar með ábyrgð fjármálafyrirtækja	0%	40%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar með ábyrgð annarra fyrirtækja	0%	20%
Innlán	0%	60%
Afleiður vegna stöðutöku	0%	10%

Eigendum hlutdeildarskírteina er bent á að breyttri fjárfestingarstefnu fylgir aukin skuldaraáhætta. Þeim sem ekki eru tilbúnir til að taka þá áhættu er bent á úrval ríkisskuldabréfasjóða undir nöfnum Sparibréfa. Þeir fjárfesta 90-100% í skuldabréfum og víxlum með ábyrgð íslenska ríkisins en hafa einnig heimild til fjárfestingar í innlánnum 0-10%. Sparibréfasjóðirnir eru mismunandi hvað varðar verðtryggingarhlutfall og meðallíftíma og þar með vaxtaáhættu. Eftirtaldir Sparibréfasjóðir eru í boði:

Sparibréf stutt, Sparibréf meðallöng, Sparibréf löng, Sparibréf verðtryggð og Sparibréf óverðtryggð.

Eigendum hlutdeildarskírteina í Markaðsbréfum Landsbankans löngum er heimilt að færa eign sína í aðra sjóði Landsvaka (Landsbankans) sér að kostnaðarlausu til 15. febrúar felli þeir sig ekki við reglubreytingarnar. Þó ber að athuga að skattstofn til fjármagnstekjuskatts getur myndast við innlausn.

Nánari upplýsingar um sjóðina má nálgast á landsbankinn.is, landsvaki.is eða hjá verðbréfa- og lífeyrisráðgjöfum Landsbankans í síma 410 4040 eða fjarmalaradgjof@landsbankinn.is. Þeir veita jafnframt ráðgjöf um það sparnaðarform sem hentar þér best.

Kveðja,
starfsfólk Verðbréfa- og lífeyrisráðgjafar Landsbankans.